



Forsætisnefnd

Reykjavík, 1. september 2025
MSS25040020

Hér með sendist útskrift úr fundargerð forsætisnefndar frá 29.8.2025 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um íslenska þjóðfánann - til afgreiðslu

Lögð fram tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um íslenska þjóðfánann, sbr. 70. lið fundargerðar borgarráðs frá 26. júní 2025.

Samþykkt að vísa tillögunni til skoðunar við endurskoðun á reglum um notkun fána við stjórnarsýsluhús Reykjavíkur.

Ólöf Magnúsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík, 26. ágúst 2025
MSS25040020

Borgarráð 26. júní 2025: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um íslenska þjóðfánann

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja til að íslenski þjóðfáninn verði dreginn að húni við Ráðhús Reykjavíkur alla daga ársins. Undanskildir verði þó þeir átta rauðu dagar sem ekki eru fánadagar enda húsverðir ekki að störfum þá tilteknu daga.



Reykjavík



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 3. júní 2025

MSS25040020

UMSÖGN

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um íslenska þjóðfánann

Á fundi borgarráðs þann 3. apríl sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um íslenska þjóðfánann:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja til að íslenski þjóðfáninn verði dreginn að húni við Ráðhús Reykjavíkur alla daga ársins.

Tillögunni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 9. apríl sl.

Umsögn:

Íslenska þjóðfánanum er ávalt flaggað við Ráðhús Reykjavíkur á þeim dögum sem kveðið er á um í 1. gr. forsetaúrskurðar nr. 5/1991 um fánadaga og fánatíma. Þeir dagar eru 12 samtals. Rauðir dagar eða stórhátíðardagar sem eru ekki fánadagar eru átta samtals. Aðra daga ársins eru húsverðir á vakt í Ráðhúsi Reykjavíkur og gætu flaggað íslenska þjóðfánanum án aukins kostnaðar fyrir Reykjavíkurborg.

Verði íslenski þjóðfáninn dreginn að húni alla daga ársins við Ráðhús Reykjavíkur mun það þýða tvö útköll húsvörslu þá átta daga sem húsið er ekki opið vegna almennrar starfsemi, með tilheyrandi kostnaði við átta klst. yfirvinnu á dag. Ekki er gert ráð fyrir slíkum kostnaði í rekstarramma stjórnsýsluhúsa. Samkvæmt staðfestingu frá Alþingi er ekki flaggað þar alla daga ársins heldur á fánadögum og þá daga sem þingfundur stendur. Hjá Reykjavíkurborg er flaggað þá daga sem borgarstjórn fundar. Í ljósi ofangreinds er mælt með því tillagan verði felld.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Hjálagt:

Forsetaúrskurður um fánadaga og fánatíma nr. 5/1991.



Reykjavík

1991 nr. 5 23. janúar

Forsetaúrskurður um fánadaga og fánatíma

Tók gildi 13. mars 1991. Breytt með: Augl. 141/2008 (tók gildi 18. des. 2008).

■ 1. gr.

□ Draga skal fána á stöng á húsum opinberra stofnana, sem eru í umsjá valdsmanna eða sérstakra forstöðumanna ríkisins, eftirgreinda daga:

1. Fæðingardag forseta Íslands.
2. Nýársdag.
3. Föstudaginn langa.
4. Páskadag.
5. Sumardaginn fyrsta.
6. 1. maí.
7. Hvítasunnudag.
8. Sjómannadaginn.
9. 17. júní.
10. 1. desember.
11. Jóladag.

[12. 16. nóvember, fæðingardag Jónasar Hallgrímssonar.]¹⁾
□ Alla ofangreinda daga skal draga fána að hún, nema föstudaginn langa, þá í hálfra stöng.

¹⁾ Augl. 141/2008.

■ 2. gr.

□ Hverja daga aðra en í 1. gr. segir og við hvaða tækifæri flagga skal á landi, fer eftir ákvörðun forsætisráðuneytisins.

■ 3. gr.

□ Fána skal eigi draga á stöng fyrr en klukkan sjö að morgni og að jafnaði skal hann eigi uppi vera lengur en til sólarlags og aldrei lengur en til miðnættis.

□ Ef flaggað er við útisamkomu, opinbera athöfn, jarðarför eða minningarathöfn má fáni vera uppi lengur en til sólarlags eða svo lengi sem athöfn varir, en þó aldrei lengur en til miðnættis.

■ 4. gr.

□ Um fána á bátum og skipum skal leita leiðbeininga Landhelgisgæslu Íslands eða Siglingamálastofnunar ríkisins.

■ 5. gr.

□ Forsetaúrskurður þessi öðlast þegar gildi. . . .

BORGARRÁÐ 3. apríl 2025: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um íslenska þjóðfánann – MSS25040020

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja til að íslenski þjóðfáninn verði dreginn að húni við Ráðhús Reykjavíkur alla daga ársins.